

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

17.5.2023
2023-05-10/0.11.1

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum (Raforkueftirlitið), 983. mál

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis, dags. 4. maí 2023, þar sem Landsneti er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (Raforkueftirlitið), þskj. 1531 - 983. mál, sem vísað hefur verið til atvinnuveganefndar.

Sjálfstæði raforkueftirlits er mikilvægur þáttur í skipulagi raforkumála þar sem gæta þarf hlutleysis og gagnsæis. Í greinargerð kemur fram að frumvarpið byggi á sjónarmiðum sem fram hafa komið í samskiptum ráðuneytisins og Eftirlitsstofnunar EFTA tengdum sjálfstæði raforkueftirlitsins. Í ljósi þessa lítur Landsnet svo á að í frumvarpinu sé tekið á þessum þáttum með fullnægjandi hætti.

Hins vegar telur Landsnet að nokkuð skorti á að í raforkulögum sé tekið með nægjanlega skýrum hætti á valdsviði og valdheimildum eftirlitsins, auk þeirra grundvallarsjónarmiða og þess meginhlutverks sem eftirlitið á að hafa með höndum. Í ljósi sjálfstæðis raforkueftirlits er nauðsynlegt að tekið sé á þessum þáttum í raforkulögum. Þá verður nánari útfærsla lagaákvæða í reglugerð að samræmast ákvæðum tilskipunar 2009/72. Bendir Landsnet í þessu samandi á 36. gr. tilskipunar 2009/72 sem kveður á um almenn markmið eftirlitsyfirlids sem leggja ber til grundvallar varðandi valdsvið og skyldur eftirlitsaðilans skv. 37. gr. tilskipunarinnar. Tilgangur ákvæða tilskipunarinnar er að samræma hlutverk, valdsvið og skyldur raforkueftirlitsaðila.

Tryggja þarf að samræmi sé á milli ákvæða raforkulaga og raforkutilskipana hvað þetta varðar. Sem dæmi má nefna að landsbundin eftirlitsyfirlid skulu samkvæmt tilskipun 2009/72 bera ábyrgð á að ákveða eða samþykkja gjaldskrár eða aðferðafræðina, sem býr að baki útreikningum á gjaldskrá, á grundvelli tillögu flutnings- eða dreifikerfisstjóra eða á grundvelli tillögu sem þessir stjórar og notendur kerfisins hafa orðið ásáttir um. Þegar þau sinna þessum verkefnum skulu landsbundin eftirlitsyfirlid tryggja að gjaldskrár vegna flutnings og dreifingar séu án mismununar og séu kostnaðartengdar. Þá er það á ábyrgð eftirlitsaðila að setning gjaldskráa geri það kleift að nauðsynlegar fjárfestingar í netkerfum geti átt sér stað með þeim hætti að orkuöryggi og virkni raforkukerfisins sé þannig tryggð.

Þessu til viðbótar bendir Landsnet á að ákvæði raforkulaga um eftirlit með raforkumörkuðum eru fábrotin. Hins vegar liggur fyrir að slík mál eru í nokkurri gerjun. Þannig hefur Landsnet stofnað dótturfélag um rekstur heilidsöluraforkumarkaðar sem ber heitið Elma orkuviðskipti. Aðkallandi er að settar séu skýrar leikreglur varðandi starfsemi slíkra markaða og eftirlit með slíkri starfsemi.

a-liður 9. gr. frumvarps (ný 24. gr. raforkulaga)

Ákvæði 24. gr. raforkulaga hafa staðið að mestu efnislega óbreytt frá setningu raforkulaga árið 2003 þrátt fyrir að ákvæði raforkutilskipana um eftirlit hafi tekið miklum breytingum með tilskipun 2009/72. Eðlilegt er að ákvæði 24. gr. endurspegli betur ákvæði 36. og 37. gr. tilskipunar 2009/72. Hafa verður í huga að eftirlit samkvæmt ákvæðum tilskipunar snýr að margvíslegum þáttum, bæði fjárhagslegum og tæknilegum, sem og heildarvirkni raforkumarkaðar. Með vísan til þessa leggur Landsnet til að við 2. mgr. a-liðar 9. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður sem snýr að eftirliti Raforkueftirlitsins svohljóðandi:

Auk neytendaverndar og eftirlits með smásölu- og heilidsölumarkaði raforku skal ettirlit Raforkueftirlitsins miða að því að tryggja að eftirlitsskyldir aðilar gæti jafnræðis í starfsemi sinni og að stuðlað sé að kostnaðarhagkvæmri þróun áreiðanlegra og skilvirkra flutnings- og dreifikerfa. Þá skal þess og gætt að

gjaldskrár eða aðferðafræði við setningu þeirra tryggji að gjaldtaka sé í samræmi við af kostnað af rekstri flutnings- og dreifikerfa og geri kleift að nauðsynlegar iðjáfestingar geti átt sér stað með þeim hætti að þessar iðjáfestingar tryggji virkni flutnings- og dreifikerfa.

c-liður 9. gr. frumvarps (ný 26. gr. raforkulaga)

Í 2. mgr. 26. gr. raforkulaga er kveðið á um úrræði eftirlitsaðila tengd gjaldskrá. Landsnet telur að umrædd úrræði verði að vera bundin við Raforkueftirlitið þar sem því ber skv. tilskipun 2009/72 að geta ákveðið eða samþykkt gjaldskrár dreifiveitna og flutningsfyrirtækisins. Landsnet bendir á að það sé í ósamræmi við ákvæði tilskipunarinnar að valkvætt geti verið hvort Orkustofnun eða Raforkuorkueftirlit beiti þeim úrræðum sem ákvæðið fjallar um. Nauðsynlegt sé að horfa á þetta atriði í ljósi þeirrar ríku skyldu til sjálfstæðis Raforkueftirlitsins sem tilskipun 2009/72 kveður á um og frumvarpinu er ætlað að tryggja enn frekar en þegar er gert í núgildandi raforkulögum.

Virðingarfyllst,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.